

# JÖKLARANNSÓKNAFÉLAG ÍSLANDS

Skýrsla formanns á aðalfundi 23. febrúar 2016

Árið 2015 hefur verið bærilega annasamt hjá félaginu, með tveggja vikna vorferð á Vatnajökul, mælingum á Mýrdalsjökli, sporðamælingum víða um land, fræðslufundum og skemmtiferðum auk þess sem út kom 64. hefti Jökuls. Umsvif hafa því verið töluverð. Fjárhagur er þrátt fyrir það ásættanlegur, því nokkrir styrkir hafa borist, auk þess sem ýmsir aðilar sem vinna rannsóknir í vorferðum taka þátt í kostnaði.

Á aðalfundi þann 25. febrúar var Tómas Jóhannesson fundarstjóri og Finnur Pálsson fundarritari. Á fyrsta fundi eftir aðalfundinn skipti stjórnin með sér verkum og dregið var um röð varamanna. Stjórnarfundir voru mánaðarlega nema hvað engir fundir voru í júní-ágúst.

## Stjórn JÖRFÍ 2014

Magnús Tumi Guðmundsson, formaður  
Magnús Hallgrímsson, varaformaður  
Sjöfn Sigsteinsdóttir, gjaldkeri  
Hálfván Ágústsson, ritari  
Árni Páll Árnason, meðstjórnandi.

### Varastjórn:

Ragnar Þór Jörgensen, Vilhjálmur S. Kjartansson,  
Guðfinna Aðalgeirsdóttir og Þóra Karlsdóttir.

### Nefndir JÖRFÍ:

*Rannsóknanevnd:* Magnús Tumi Guðmundsson formaður, Alexander Jarosch, Andri Gunnarsson, Bergur Bergsson, Björn Oddsson, Bryndís Brandsdóttir, Eyjólfur Magnússon, Finnur Pálsson, Guðfinna Aðalgeirsdóttir, Hálfván Ágústsson, Hrafnhildur Hannesdóttir, Magnús Hallgrímsson, Oddur Sigurðsson, Steinunn S. Jakobsdóttir, Tómas Jóhannesson og Þorsteinn Þorsteinsson.

*Bílanefnd:* Árni Páll Árnason formaður, Eiríkur Lárusson, Garðar Briem, Hallgrímur Þorvaldsson og Sigurður Vignisson.

*Skálanefnd:* Ragnar Þór Jörgensen formaður, Aðalsteinn Svavarsson, Alexander Ingimarsson, Ástvaldur Guðmundsson, Grétar Þorvaldsson, Guðbjörn Þórðarson, Gunnar Antonsson, Leifur Þorvaldsson, Snæbjörn Sveinsson, Stefán Bjarnason, Sverrir Hilmarsson, Vilhjálmur S. Kjartansson og Þorsteinn Kristvinsson.

*Ferðanevnd:* Sjöfn Sigsteinsdóttir formaður, Árni Páll Árnason, Bergur Bergsson, Herdís Schopka, Hlynur Skagfjörð, Magnús Tumi Guðmundsson, Sigurður Vignisson og Þorsteinn Jónsson.

*Ritstjórnar Jökuls:* Bryndís Brandsdóttir, Þorsteinn Þorsteinsson, Gréta Björk Kristjánsdóttir og Snævarr Guðmundsson.

*Ritnefnd Jökuls:* Christopher J. Caseldine, Fiona S. Tweed, Gifford H. Miller, Haraldur Sigurðsson, Helgi Björnsson, Karen L. Knudsen, Karl Grönvold, Kristján Sæmundsson, Robert S. Detrick, Tómas Jóhannesson og William H. Menke.

*Skemmtinefnd:* Anna Línadal, Baldur Bergsson, Hannah Reynolds og Guðfinna Aðalgeirsdóttir.

*Valnefnd:* Jón E. Ísdal, Stefán Bjarnason og Oddur Sigurðsson.

*Fulltrúi í SAMÚT:* Björn Oddsson, Árni Páll Árnason til vara.

*GJÖRFÍ-nefnd:* Þóra Karlsdóttir formaður, Ástvaldur Guðmundsson og Jósef Hólmjárn.

*Félagatal:* Hálfván Ágústsson og Jóhanna Katrín Þórhallsdóttir.

*Geymsla í Mörk:* Alexander Ingimarsson.

*Erlend áskrift:* Björn Oddsson.

## FÉLAGATAL

Skáðir félagsmenn um síðustu áramót voru alls 633. Þar af eru heiðursfélagar 16, almennir félagar 501, fjölskyldufélagar 21, námsfólk 55 og fyrirtæki, stofnanir og fréttastofur 40. Erlendis áskrifendur Jökuls eru rúmlega 50.

## RANNSÓKNIR

Þær rannsóknir sem Jökларannsóknafélagið kom að með beinum hætti á árinu voru á Vatnajökli og Mýrdalsjökli auk sporðamælinga sem unnar eru víða um land af sjálfbodaliðum.

1. *Afkomumælingar á Mýrdalsjökli.* Mælt var í maí og teknar þrjár afkomuholur og var vetrarákoma í meira lagi. Jafnframt var sett upp veðurstöð á söðlinum milli Sólheima- og Kötlujökla. Stöðin var sótt í nóvember og var þá við að snjóa í kaf.

2. *Vorferð 29. maí–13. júní.* Ferðin stóð í tvær vikur en aðalverkefni snéru að umbrotunum í Bárðarbungu haustið og veturinn áður. Unnar voru margvíslegar mælingar, m.a. íssjármælingar, afkomumælingar, kortlagning yfirborðs, þyngdarmælingar og mælingar á gasústreymi. Unnið var að hefðbundnum verkefnum í Grímsvötnum og víðar og í báðum Skaftárkötlum var borað niður í vatnið undir og mælingar gerðar á hita, þrýstingi og sýni tekin. Vitjað var um jarðskjálfta- og GPS mæla á Vatnajökli og ýmis fleiri verkefni unnin.

3. *Sporðamælingar.* Sporðamælingar félagsins eru svipaðar að umfangi og síðustu ár. Umsjón með þeim hefur Oddur Sigurðsson en Bergur Einarsson er nú að taka við því starfi.

Mikil gróska er í jökларannsóknnum hér á landi og öflugir hópar vinna að þeim bæði við Jarðvísindastofnun Háskólans og á Veðurstofunni auk þess sem Landsvirkjun kemur að mörgum verkefnum. Verkefni þessara og fleiri aðila, einkum erlendra, verða ekki tíunduð hér, nema þegar JÖRFÍ á hlut að máli.

## FUNDIR

Fundahald var með venjulegu sniði. Aðalfundur var 24. febrúar og þar fjallaði Alexander Jarosch jöklafræðingur um notkun mannláusra flugvéla í mælingum. Á vorfundinum 28. apríl flutti Snorri Baldursson erindi um landnám og þróun lífs á nýju landi, einkum

á jökulskerjum og svæðum sem komið hafa undan jökli. Eftir hlé sýndi Ragnar Th. Sigurðsson myndir úr Holuhrauni. Haustfundurinn var 27. október. Ágúst Þór Gunnlaugsson sagði þar frá niðurstöðum meistaraverkefnis síns við Háskóla Íslands, um afkomu Tungnafellsjökuls 1960–2013. Einnig sögðu Oddur Sigurðsson og Tómas Jóhannesson frá Skaftárhlaupinu í byrjun október. Fundirnir fóru allir fram í sal 132 í Öskju og aðsókn var á bilinu 30–40 manns.

## ÚTGÁFA JÖKULS

Jökull 64 kom út í febrúar. Ritið var að þessu sinni 160 blaðsíður. Það skiptist nánast til helminga í ritrýnt efni, sem í voru fimm ritrýndar vísindagreinar og margvíslegt fræðslu- og félagsefni. Ritstjórnin, undir forystu Bryndísar aðalritstjóra, vinnur mikið starf til að koma ritinu út, einkum Bryndís, sem brýtur um allt efnið, félaginu að kostnaðarlausu.

Gengið var frá því við Bóksölu Stúdenta að hún tæki að sér að dreifa Jökli erlendis framvegis. Er vonast til þess að þetta létti sjálfbodaliðum JÖRFÍ störfn og að meiri festa verði í umsjá og dreifingu.

## FRÉTTABRÉF OG VEFSÍDA

Fréttabréfið var sem fyrr í umsjá Hálfðáns. Hann sá einnig um vefsíðuna ásamt Jóhönnu Katrínu Þórhallsdóttur.

## SKEMMTIFERÐIR

Fyrstu helgina í júlí var áformuð þriðja tilraun JÖRFÍ til að ganga á Okið og komast þar á jökulinn, sem sumir segja reyndar að sé horfinn. Nú brá reyndar svo við að veður var ágætt en vegna snjóþungs vetrar og kalds vors varð ekki komist á bílum nærri fjallinu. Úr varð ánægjuleg dvöl í Húsafelli með gönguferðum um nágrennið. Ekki hefur verið ákveðið hvort reynt verður eitt skiptið enn næsta sumar. Dagana 7.–9. ágúst var aftur efnt til ferðar, í þetta sinn í Ódáðahraun og inn á Dyngjusand að skoða hið nýja Holuhraun. Ferðin tókst hið besta, þátttakendur voru um 30 og gerðu góða ferð með heitu baði við jaðar hraunsins og gönguferð að Öskjuvatni. Kvöldvaka var í Þorsteinsskála í Herðubreiðarlindum á föstudagskvöldinu og síðan haldið daginn eftir til Mývatns þar sem formlegri ferð var slitið.



Úr vinnuferð skálanefndar á Grímsfjall í ágúst 2015. – At Grímsfjall. Ljósmynd. Eiríkur Kolbeinsson.

## GJÖRFÍ

GJÖRFÍ-hópurinn var virkur sem undanfarin ár og farnar margar styttri gönguferðir í nágrenni Reykjavíkur. Dagskrá hefur verið auglýst í fréttabréfi og á heimasíðu félagsins.

## SKÁLAMÁL

Á Grímsfjalli tókst í lok ágúst að bera á öll húsin. Skálanefnd hafði í nokkurn tíma setið um gott veður til ferðar og greip síðan tækifærið þegar það gafst. Í vorferð hafði laus málning verið skafin eins og tók voru á og var því verki lokið í vinnuferðinni áður en byrjað var að mála. Einnig voru gluggahlerar lagaðir og skipt um gler í þar sem þurfti, auk þess sem dytt að var að göngupalli. Einnig voru gerðar endurbætur á rafmagni. Neyðarlínan fór ferð í nóvember til að bæta kælingu á rafstöðinni og virðist sú viðgerð hafa tekist þolanlega en eftir er að ganga á viðunandi hátt frá rafstöð, þ.a. hægt að hægt sé að treysta henni til að

þjóna staðnum eins og þarf. Í ágústferðinni var litið við í Goðahnjúkum á bakleið frá Grímsfjalli. Ástand skálans er þökkalegt, en þó er kominn tími á málningu og viðhald. Farnar voru vinnuferðir í Jökulheima í október, skipt um gler í nokkrum gluggum og gafflar málaðir. Jafnframt var skipt um stóla í stóra skálanum og þar komið fyrir forláta leðursófa sem félaginu hefur áskotnast. Skálanefndin á veg og vanda að viðhaldi skálanna og sem er félaginu mjög mikilvægt.

## BÍLAMÁL

Bíll félagsins var notaður í vorferð, ferð á Mýrdalsjökul og nokkrar vinnuferðir. Endurnýja þurfti dekk og dytta að bílnum en stórviðgerðir voru engar. Bíllinn nýtist félaginu vel en eins og stundum áður erum við á hrakhólum með geymslu fyrir hann yfir veturinn. Bílanefnd vann að því að smíða stóra eldsneytiskerru í samvinnu við HSSR og Landsvirkjun. Kerran var notuð í vorferð og reyndist vel.

### SAMSTARF VIÐ LANDSVIRKJUN

Áfram var haldið samstarfi við Landsvirkjun, þar sem fyrirtækið styrkir JÖRFÍ með fjárframlagi sem notað er upp í kostnað við öflugar vorferðir og viðhald jökla-húsa. Samningurinn sem nú gildir er til þriggja ára, 2014–2016 og hefur gefist vel. Meirihluti hans fer í að greiða leigu snjóþóls HSSR í vorferðum.

### ÁRSHÁTÍÐ

Árshátíðin var haldin í sal Söngskólans við Snorra-braut þann 7. nóvember, en fordrykkur var í boði Úti-lífs. Hátíðin var mjög skemmtileg og stemningin af-bragðsgóð. Þátttakendur voru 45, en nokkuð var um forföll vegna veikinda.

### SPORÐAMÆLINGAVEFUR JÖRFÍ

Styrkur fékkst frá vinum Vatnajökuls til að betrum-bæta sporðamælingavefinn <http://spordakost.jorfi.is>. Unnið var að þessu verkefni á árinu og má búast við að endurbætur séu orðnar eða verði fljótt sýnilegar.

### FRAMTÍÐIN OG FJÁRMÖGNUN VERKEFNA

Ýmsar breytingar hafa orðið á síðustu árum í um-hverfi félagsins. Rammi vorferða hefur breyst eftir að

Landsvirkjun kemur ekki að þeim með beinum hætti. Í staðinn fær félagið fjárstyrk og reynir síðan að nýta hann sem best til að reka snjóþól í ferðunum. Vonast er til þess að þetta samstarf haldi áfram. Styrkir frá ráðu-neytum til útgáfu Jökuls hafa mikið til horfið á síð-ustu árum. Að einhverju leyti eru það afleiðingar fjár-málahrunsins 2008 en einnig virðist gæta breyttra við-horfa þeirra sem fara með stjórn landsins. Einnig hefur dregið mjög úr stuðningi fyrirtækja eftir hrun. Af þessu leiðir að heldur hefur verið á brattann að sækja hjá félaginu með að halda í horfinu fjárhagslega. Ný tækifæri hafa þó einnig komið fram, og má þar nefna einna helst Vini Vatnajökuls, sem hafa stutt verkefni. Nú í febrúar tók félagið við styrk að upphæð 1,3 millj. króna frá Vinunum. Þeim styrk á að verja til að mæta kostnaði við þátttöku framhaldsnema í jökla-tengdum verkefnum í vorferð, og jafnframt verður blaða- eða listamanni boðið að taka þátt. Eftir er að sjá hvernig þetta reynist, en nýjum tímum fylgja nýjar áskoranir og tækifæri. JÖRFÍ þarf að þróast með tímunum og nýta þau tækifæri sem gefast, nú sem hingað til.

Magnús Tumi Guðmundsson



Mikill snjór var á Grímsfjalli í júní 2015. – *The huts at Grímsfjall half-covered with snow in June 2015.* Ljósmynd/Photo. MTG.